

Alþingi
Erindi nr. P 140/672
komudagur 6.12.2011



Heilbrigðisnefnd Alþingis
B.t. Þuríðar Backman, formanns

Reykjavík, 15. ágúst 2011

Efni: Umsögn Krabbameinsfélags Íslands um frumvarp til laga um breytingu laga nr.112/2008 um sjúkratryggingar með síðari breytingum (greiðsluþáttaka í lyfjakostnaði).
(Þskj. 1388 – 784. mál)

Í upphafi þakkar Krabbameinsfélag Íslands fyrir að fá tækifæri til að gera athugasemdir við ofangreint frumvarp til laga um breytingu laga um sjúkratryggingar. Svo sem fram kemur í kynningu á vef velferðarráðuneytisins er frumvarpinu „ætlað að draga verulega úr lyfjakostnaði þeirra sjúklinga sem mesta greiða“ (24. apríl 2011). Á vefnum segir enn fremur að meginmarkmið með frumvarpinu sé að auka jöfnuð sjúklinga og draga úr heildarútgjöldum þeirra sem þurfa mest á lyfjunum að halda.

Í tilefni af framlagningu frumvarpsins og reglugerðar sem því fylgir gerir Krabbameinsfélag Íslands eftirfarandi níu athugasemdir. Krabbameinsfélagið áskilur sér enn fremur rétt til þess að koma frekari athugasemdum á framfæri við nefndina ef ástæða þykir til. Þá býðst félagið til þess að senda fulltrúa sinn á fund nefndarinnar.

1. Frumvarpið er ekki nægilega skýrt um það að Sjúkratryggingar Íslands greiði allan lyfjakostnað allra alvarlegra veikra einstaklinga

Samkvæmt núgildandi lögum um sjúkratryggingar nr. 112/2008 eru krabbameinslyf ókeypis (L-merkt lyf), en það byggir á 6. tölul. 29. gr laganna þar sem segir orðrétt: „Ekki er heimilt að taka gjald fyrir lyf sem sjúkratryggðum er lífsnauðsynlegt að nota að staðaldri“. Í 1. gr. hins nýja

frumvarps segir hins vegar „Einnig er heimilt að ákveða í reglugerð að lyf við tilteknum alvarlegum sjúkdómum séu undanþegin gjaldi” Þannig felur 1. gr. í sér almenna heimild til að ákveða í reglugerð að lyf við tilteknum alvarlegum sjúkdómum séu undanþegin gjaldi. Í athugasemdum frumvarpsins segir að gert sé ráð fyrir að sjúkratryggingar geti í sérstökum tilvikum, þ.e. þegar um alvarlega sjúkdóma er að ræða, áfram afgreitt lyfjaskírteini sem veiti sjúkratryggðum rétt á lyfjum þeim að kostnaðarlausu. Í ákvæði 9. gr. reglugerðar sem fylgir lögnum er fjallað um lyfjaskírteini. Þar segir orðrétt: „Sjúkratryggingum Íslands er heimilt í eftirfarandi tilvikum, samkvæmt umsókn, að ákveða greiðsluþátttöku eða aukna greiðsluþátttöku sjúkratrygginga vegna kaupa á lyfjum og gefa út lyfjaskírteini því til staðfestingar í samræmi við vinnureglur sem stofnunin setur sér”. Í 2. tölul. 9. gr. reglugerðardraganna er svo fjallað um að SÍ sé heimilt að undanþiggja sjúkratryggða í þremur flokkum greiðslu gjalds vegna tiltekinna lyfja eða lyfjaflokka, nánar tiltekið einstaklinga sem eru í líknandi meðferð í heimahúsum, einstaklinga sem þjást af geðklofa og einstaklinga sem eru með nýrnabilun á lokastigi. Enda þótt ákvæði 1. gr. frumvarpsins sé í sjálfu sér ekki gagnrýnisvert er framsetning reglugerðar á umræddu lagaákvæði gagnrýnisverð. Krabbameinsfélagið furðar sig á þessari upptalningu í reglugerðinni þar sem hún takmarkar verulega vernd og þar með gildissvið lagaákvæðisins. Svo virðist sem 2. tölul. 9. gr. reglugerðarinnar sé tæmandi talning þeirra tilvika sem fallið geta undir ívilnandi ákvæði laganna. Krabbameinsfélagið telur þetta alvarlegan annmarka á lögnum og bendir á að með slíku ákvæði sé unnt að undanskilja aðra alvarlega veika einstaklinga undan vernd ákvæðisins svo sem krabbameinssjúklinga. Af frumvarpinu og reglugerðinni er erfitt að átta sig á rökstuðningi fyrir þessu vali sjúkdómaflokka en mikilvægt er að þetta sé skýrt þar sem þetta varðar alvarlega veika einstaklinga miklu. Í athugasemdum við frumvarpið er tekið fram að lyfjaskírteini vegna einstaklinga með krabbamein muni falla niður við gildistöku umræddra laga og vitaskuld veldur það ugg hjá krabbameinsveikum sjúklingum. Af þessum sökum er mikilvægt að heilbrigðisnefndin taki af öll tvímæli um þetta álitaeftni og tryggi að skýrt komi fram að ætlunin sé að tryggja öllum alvarlega veikum sjúklingum greiðan aðgang að lyfjaskírteinum og fulla greiðsluþátttöku ríksins.

2. Þeim sem glíma við alvarleg veikindi sé unnt að fá strax lyfjaskírteini sem tryggi þeim fulla greiðsluþátttöku Sjúkratrygginga Íslands

Í 3. tölul. 9. gr. reglugerðardraganna er fjallað um þá einstaklinga sem greitt hafa tiltekna

hámarksupphæð, en heimilt er að undanþiggja þá greiðslu það sem eftir er af tólf mánaða tímabilinu. Krabbameinsfélagið telur að með þessari framsetningu sé ekki tryggt að dregið sé nægjanlega úr heildarútgjöldum þeirra sjúklinga sem mest þurfa á lyfjunum að halda. Til þess að markmiði frumvarpsins verði náð verður Alþingi að tryggja að allir alvarlega veikir einstaklingar fái lyf sín greidd af sjúkratryggingum áfram, en þurfi ekki fyrst að greiða hámarksupphæðina.

Krabbameinsfélagið telur fremur hæfa að slíku ákvæði sé fundinn staður í lögnum, en ekki í reglugerð þar sem það stuðlar að réttaröryggi alvarlega veikra sjúklinga. Í dönsku lögnum sem eru fyrirmynd þessara breytinga eru lagaákvæði sem útfæra nánar greiðsluþáttöku sjúklinga. Í þessu sambandi vísar Krabbameinsfélagið ennfremur til draga að skýrslu vinnuhóps um nýtt greiðsluþáttökukerfi vegna lyfjakostnaðar en þar eru gerðar tillögur um lagagreinar, sem skýra rétt einstaklinga til greiðsluþáttöku. Krabbameinsfélag Íslands leggur því til að lögin og reglugerðin verði endurskoðuð í því skyni að tryggja að þeir, sem glíma við alvarleg veikindi geti fengið lyfjaskírteini sem tryggi þeim fulla greiðsluþáttöku Sjúkratrygginga strax og sjúkdómsgreining liggur fyrir.

3. Einstaklingar sem fá greiddan endurhæfingarlífeyri njóti einnig verndar laganna

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að gjald fyrir lyf megi vera lægra hjá öldruðum, öryrkjum og börnum. Þetta er útfært í ákvæði 3. gr. reglugerðardraganna þannig að hámarksupphæð sem notuð er til viðmiðunar er lægri en hjá öðrum hópum. Í 13. gr. reglugerðardraganna er þessi regla líka látin taka til atvinnulausra einstaklinga. Þetta er í samræmi við tillögur vinnuhóps um nýtt greiðsluþáttökukerfi vegna lyfjakostnaðar (sjá bls. 15), sem gerir ráð fyrir að hærri greiðslur taki til barna, ellilífeyrisþega, örorkulífeyrisþega og atvinnulausra. Ekki er fjallað um þá einstaklinga sem fá greiddan endurhæfingarlífeyri í umræddum gögnum, en sá hópur varð fyrir skerðingu árið 2010 með breytingu á 7.gr. laga um félagslega aðstoð nr. 99/2007. Stuðningshópar Krabbameinsfélagsins hafa bent á að nauðsynlegt er að taka þessa breytingu til baka vegna vaxandi kostnaðar þessa hóps sjúklinga. Krabbameinsfélagið bendir á að ríkinu gefst nú tækifæri til þess að rétta að einhverju leyti hlut þeirra einstaklinga sem fá greiddan endurhæfingarlífeyri með því að fella hann undir vernd laganna líkt og aðra lífeyrisþega. Krabbameinsfélag Íslands leggur til að í frumvarpinu komi fram að greiðsluþátttaka ríkisins skuli vera meiri fyrir börn, lífeyrisþega (þ.m.t. endurhæfingarlífeyrisþega) og atvinnulausa.

4. Breytingar til hins verra á greiðslu fyrir S- merk lyf

Í athugasemdunum frumvarpsins kemur fram að gert sé ráð fyrir að fleiri lyfjaflokkar falli undir kerfið en áður, þar með talið sýklalyf. Þá má einnig í undantekningartilvikum greiða fyrir lyf sem að jafnaði falla ekki undir kerfið. Krabbameinsfélagið fagnar þessum breytingum þar sem þær eru mjög til bóta. Þá er einnig gert ráð fyrir að S-merkt lyf sem ávísað er á lyfseðlum og notuð eru utan sjúkrahúsa og á göngudeildum sjúkrahúsa falli undir greiðsluþátttökukerfið. Þetta getur haft það í för með sér að draga mun úr notkun S-merktra lyfja meðan á innlögn sjúklinga stendur, en ávísunum á gæti að sama skapi fjölgað á göngudeildum og utan sjúkrahúsa. S-merkt lyf eru almennt mjög dýr, og flestir sjúklingar sem taka slík lyf þurfa að reiða af hendi upphæðir sem ná greiðsluþaki mjög fljótlega. Krabbameinsfélagið óttast að ef krafist verður kostnaðarþátttöku sjúklinga í S-merktum lyfjum muni það mjög fljótlega hafa íþyngjandi áhrif í för með sér fyrir alvarlega veika einstaklinga. Krabbameinsfélagið leggur til að S-merkt lyf verði áfram utan nýja kerfisins og greidd að fullu, eða þá að þeir sjúklingar sem þurfa þeirra með fái lyfjaskírteini með fulla greiðsluþátttöku þegar þeim er ávísað í fyrsta sinn S-merktum lyfjum á 12 mánaða tímabili.

5. Tryggja þarf að hámarksviðmið og þrepaskipt hlutfallsgjald verði ákvörðun Alþingis

Í umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins sem fylgir frumvarpinu kemur fram að þau viðmið sem kynnt eru í reglugerðinni um upphæðir og hlutfallslega greiðsluþátttöku ríkisins (og voru notuð meðal annars við umræðuna þegar frumvarpið var lagt fram á Alþingi) standist ekki og muni breytast eftir útgjaldaramma ráðuneytisins. Hámarksfjárhæð sú sem nefnd er í reglugerðardörgunum (kr. 64.875) er því einungis dæmi um viðmið sem rætt var um árið 2010. Krabbameinsfélaginu þykir þetta misvísandi og telur að mikilvægt sé að Alþingi tryggi svo sem framast er unnt, t.d. með vísitöluviðmiðun, að kostnaðarþátttaka sjúklinga muni ekki aukast úr hófi á komandi árum. Ennfremur að kveðið sé á um viðmiðunartölu fyrir hámark þeirrar fjárhæðar sem einstaklingi ber sjálfum að greiða. Krabbameinsfélag Íslands leggur því til að kveðið sé á um hlutfallsgreiðslur í lögunum sem miðuð er við einhverja tiltekna prósentu líkt og reglugerðardrögin gera nú ráð fyrir.

6. Sjónarmið krabbameinssjúklinga og hagsmunasamtaka þeirra eiga að heyrast

Þegar frumvarpið var lagt fram á Alþingi 17. maí 2011 kom fram í ræðu velferðarráðherra að

frumvarpið hefði verið kynnt Öryrkjabandalaginu og öðrum sjúklingasamtökum. Í kynningu á vef velferðarráðuneytisins (24. apríl 2011) segir að tillögur vinnuhóps um breytingar á lyfjalögum sem settar voru fram í drögum að skýrslu haustið 2010 hafi við kynningu fengið jákvæðar undirtektir hjá sjúklingasamtökum og hagsmunaaðilum. Krabbameinsfélag Íslands, sem gætir hagsmuna þess hóps sjúklinga sem þessar breytingar varða hvað mest, fékk hins vegar enga kynningu á fyrirhugðum breytingum og því engin tækifæri til að koma að málinu við undirbúning frumvarpsins. Hið sama gildir um 30 aðildarfélög Krabbameinsfélagsins. Krabbameinsfélagið telur að þessi vinnubrögð séu mjög gagnrýnisverð og minnir jafnframt á nauðsyn þess að haft sé samráð við mikilvæga hagsmunahópa þegar fyrirhugaðar eru veigamiklar breytingar á lögum sem varða hagi þeirra.

7. Fræðsla um breytingar með lögnum

Umrætt frumvarp hefur í för með sér verulegar breytingar og þess vegna er mikilvægt að fram fari ítarleg kynning á þeim. Framsetning eins og hún er nú er óskýr og markmiðið um að einfalda kerfið endurspeglast ekki í þeim gögnum sem liggja fyrir. Það er sannarlega kostur að reglugerð fylgi við framlagningu frumvarpsins, en hana þarf að endurorða þannig að sjúklingar geti skilið án mikillar fyrirhafnar hver réttindi þeirra verða eftir kerfisbreytinguna.

8. Óþarflega hröð fyrirhuguð afgreiðsla frumvarpsins

Í kynningu á vef velferðarráðuneytisins (27. apríl 2011) segir að ekki sé gert ráð fyrir að Alþingi ljúki umfjöllun um frumvarpið fyrr en í lok þessa árs. Þegar frumvarpið var lagt fram á Alþingi 17. maí 2011 var hins vegar gert ráð fyrir gildistöku nýrra laga 1. október nk. Vandséð er hvers vegna þörf er á því að frumvarpið hljóti svo hraða afgreiðslu sem nú er gert ráð fyrir. Rafræn kerfi sem þurfa að vera til staðar þegar nýja greiðslukerfið kæmist til framkvæmda verða ekki tilbúin og ekkert bendir til þess að unnt sé að hrinda umræddum breytingum í framkvæmd á næstu mánuðum. Þá mun það einnig taka töluverðan tíma að tryggja greiðsludreifingu fyrir þá sem greiða þurfa háar upphæðir við kaup á lyfjum og efla einhvers konar styrkjakerfi vegna þessa, sbr. athugasemdir við frumvarpið. Eins og ofangreind umfjöllun ber með sér hefur kynningu á frumvarpinu verið verulega ábótavant og sá tími sem hagsmunaraðilar hafa fengið til umsagna fellur á hásumarleyfistíma landsmanna. Hagsmunaaðilum er nauðsynlegt að hafa möguleika á að rýna af gaumgæfni í þetta frumvarp til þess að geta áttað sig á afleiðingum

breytinganna fyrir einstaka sjúklingahópa. Krabbameinsfélagið fer þess því á leit að málið hljóti lengri umfjöllunartíma eins og í upphafi var gert ráð fyrir.

9. Annar kostnaður sjúklinga

Krabbameinsfélag Íslands telur ýmsa kosti fylgja fyrirhuguðum breytingum á greiðsluþátttöku ríkisins í lyfjakostnaði sjúklinga. Svo sem fyrr segir eru nýjir lyfjaflokkar teknir inn í greiðsluþáttökukerfið og þá ætti kerfið að verða einfaldara. Þá ber að fagna því að greiðsluupplýsingar verði færðar í rafrænan gagnagrunn, til hagræðis fyrir sjúklinga enda er mikilvægt að sjúklingar hafi aðgengi að upplýsingum um þær greiðslur sem þeir hafa innt af hendi. Krabbameinsfélagið bendir á mikilvægi þess að haldið verði áfram á þeirri braut að setja þak á heildarkostnað sjúklinga og að hafa hlutfallsgjöld með þaki fyrir allan kostnaðinn. Kostnaður sjúklinga hefur aukist til muna og hefur Krabbameinsfélagið ákveðið að varpa fram dæmum um þessa þróun undanfarin ár. Verða dæmin send Alþingi og velferðarráðuneytinu til kynningar þegar þau liggja fyrir. Krabbameinsfélag Íslands leggur áherlsu á að sett verði greiðsluþök á heildarkostnað sjúklinga.

Krabbameinsfélag Íslands væntir þess að ofangreind umsögn félagsins um frumvarp til breytingar lögum nr. 112/2008 (um sjúkratryggingar) með síðari breytingum (greiðsluþátttaka í lyfjakostnaði) verði höfð til hliðsjónar við endurskoðun frumvarpsins í heilbrigðisnefnd Alþingis.

Virðingarfyllst,



Ragnheiður Haraldsdóttir,
forstjóri Krabbameinsfélags Íslands.

Kostnaður við meðferð vegna krabbameins á Landspítalanum	Komugjöld og rannsóknir	Annar kostnaður	Lyfjakostnaður	Samtals kr.
--	-------------------------	-----------------	----------------	-------------

Kostaður sjúklinga 1.1.2010

Dæmi 1	Sjúklingur sem fer í skurðaðgerð, lyfjameðferð og geislameðferð.	48.349	52.000		100.349
Dæmi 2	Sjúklingur sem fer í skurðaðgerð, uppbyggingu brjóstis og lyfjameðferð.	60.377	52.000		112.377
Dæmi 3	Sjúklingur sem fer í skurðaðgerð.	17.234	52.000		69.234

Kostnaður sjúklinga eftir 1.1.2010 (að viðbættum fyrirhuguðum lyfjakostnaði)

Dæmi 1	Sjúklingur sem fer í skurðaðgerð, lyfjameðferð og geislameðferð.	167.006	106.410	64.875	338.291
Dæmi 2	Sjúklingur sem fer í skurðaðgerð, uppbyggingu brjóstis og lyfjameðferð.	195.211	106.410	64.875	366.496
Dæmi 3	Sjúklingur sem fer í skurðaðgerð.	49.205	106.410	64.875	220.490
Annar kostnaður	Sjúkrabjálfun og sálfélagsleg aðstoð.				

Annað sem ekki er tekið með í útreikninginn en er í mörgum tilvikum nauðsynlegt í bataferli krabbameinssjúklinga:

Óbeinn kostnaður Ekki er tekið tillit til óbeins kostnaðar s.s. ferðkostnaðar, röskunar á heimili, tekjumissis o.þ.h.

Sérfræðilæknar Ekki tekið tillit til kostnaðar vegna meðferðar sérfræðilækna á stofum.

Þann 1.1.2010 tók gildi breyting á 7. grein laga nr.99/2007 um félagslega aðstoð. Breytingin leiddi til þess að krabbameinssjúklingar geta ekki lengur sótt um endurhæfingarskírteini við greiningu krabbameins. Þeir greiða nú rúkaðir samkvæmt almennri gjaldskrá en ekki gjaldskrá örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega.

Dæmi um 3 sjúklinga sem fóru í brjóstnám dritð 2010. Meðferð ekki endilega enn lokið.

Fyrst sjúklingurinn fór í geisla- og lyfjameðferð, næst í lyfjameðferð en þriðji í hvorugt. Almennir er málið breytileiki milli sjúklinga varðandi fjölda koma og rennslóna.

Fyrsta dæmi er sjúklingur sem fer eingöngu í brjóstnám en síðan í lyfjameðferð og aðeins seinn einnig í geisla (trúlega vegna meinvarpa)

Legur	12.5.2010	14.5.2010	HOTTÆKT	Fjöldi lög
				1

Komur á dag/fjöldugeldir og helmatengd þjónusta (gullitúð)

Heiti komudagur	Dagsetning innsk	Fjöldi koma	alm. gjald	alm. afsláttur
Hb-11C GD Krabbámens	28.4.2010	1	9.484	0
Hb-10E innsk/íttamótið	5.5.2010	1	0	0
Hb-10E RD Hiatarannsóknastofa	5.5.2010	1	0	2.302
Hb-11A BM kvæma	11.5.2010	1	0	2.302
Rf18 DD Sjúkrahústengd hemabýðnusta	15.5.2010	1	0	0
Rf18 DD Sjúkrahústengd hemabýðnusta	16.5.2010	1	0	0
Rf18 DD Sjúkrahústengd hemabýðnusta	18.5.2010	1	0	0
Rf18 DD Sjúkrahústengd hemabýðnusta	19.5.2010	1	0	0
Rf18 DD Sjúkrahústengd hemabýðnusta	20.5.2010	1	0	0
Rf18 DD Sjúkrahústengd hemabýðnusta	21.5.2010	1	0	0
Rf18 DD Sjúkrahústengd hemabýðnusta	24.5.2010	1	0	0
Hb-11C GD Krabbámens	31.5.2010	1	0	2.302
Hb-11C GD Krabbámens	4.6.2010	1	0	2.302
Hb-11D RD Hiatarannsóknastofa	9.6.2010	1	0	2.302
Hb-11C GD Krabbámens	11.6.2010	1	0	2.302
Hb-11C DD Krabbámens	15.6.2010	1	0	2.302
Hb-11C DD Krabbámens	16.6.2010	1	0	2.302
Hb-11C DD Krabbámens	17.7.2010	1	0	2.302
Hb-10E Insk/íttamótið	8.7.2010	1	0	2.302
Hb-13D DD Skulflásting	9.7.2010	1	0	2.302
Hb-11C DD Krabbámens	28.7.2010	1	0	2.302
Hb-11C DD Krabbámens	18.8.2010	1	0	2.302
Hb-11C DD Krabbámens	8.9.2010	1	0	2.302
Hb-11C DD Krabbámens	9.9.2010	1	0	2.302
Fv-02 BM Bráða	12.9.2010	1	0	2.302
Utan LSH - Kantas ehf	16.9.2010	1	0	0
Hb-11C DD Krabbámens	29.9.2010	1	0	2.302
Utan LSH - Kantas ehf	5.10.2010	1	0	0
Hb-11C DD Krabbámens	6.10.2010	1	0	2.302
Utan LSH - Kantas ehf	12.10.2010	1	0	0
Hb-11C DD Krabbámens	13.10.2010	1	0	2.302
Utan LSH - Kantas ehf	19.10.2010	1	0	0
Hb-11C DD Krabbámens	20.10.2010	1	0	2.302
Utan LSH - Kantas ehf	25.10.2010	1	0	0
Hb-11C DD Krabbámens	27.10.2010	1	0	2.302
Utan LSH - Kantas ehf	3.11.2010	1	0	0
Hb-11C DD Krabbámens	3.11.2010	1	0	2.302
Utan LSH - Kantas ehf	9.11.2010	1	0	0
Hb-11C DD Krabbámens	10.11.2010	1	0	2.302
Hb-11C DD Krabbámens	17.11.2010	1	0	2.302
Utan LSH - Kantas ehf	23.11.2010	1	0	0
Hb-11C DD Krabbámens	24.11.2010	1	0	2.302
Hb-11C DD Krabbámens	1.12.2010	1	0	2.302
Hb-11C DD Krabbámens	8.12.2010	1	0	2.302
Hb-11C DD Krabbámens	15.12.2010	1	0	2.302
Hb-11C GD Krabbámens	16.12.2010	1	0	2.302
Hb-11C DD Krabbámens	22.12.2010	1	0	2.302
Hb-10K GD Geislameðferð, undirbúningur	11.1.2011	1	0	0
Hb-11C DD Krabbámens	12.1.2011	1	0	2.302
Hb-10K GD Geislameðferð, undirbúningur	14.1.2011	1	0	0
Hb-10K GD Geislameðferð	17.1.2011	1	0	0
Hb-10K GD Geislameðferð	18.1.2011	1	0	0
Hb-10K GD Geislameðferð	19.1.2011	1	0	0
Hb-10K GD Geislameðferð	20.1.2011	1	0	0
Hb-10K GD Geislameðferð	21.1.2011	1	0	0
Hb-10K GD Geislameðferð	24.1.2011	1	0	0
Hb-10K GD Geislameðferð	25.1.2011	1	0	0
Hb-10K GD Geislameðferð	26.1.2011	1	0	0
Hb-10K GD Geislameðferð	27.1.2011	1	0	0
Hb-10K GD Geislameðferð	28.1.2011	1	0	0
Hb-10K GD Geislameðferð	31.1.2011	1	0	0
Hb-10K GD Geislameðferð	1.2.2011	1	0	0
Hb-10K GD Geislameðferð	2.2.2011	1	0	0
Hb-11C DD Krabbámens	2.2.2011	1	0	2.302
Hb-10K GD Geislameðferð	3.2.2011	1	0	0
Hb-10K GD Geislameðferð	4.2.2011	1	0	0
Hb-10K GD Geislameðferð	7.2.2011	1	0	0
Hb-10K GD Geislameðferð	9.2.2011	1	0	0
Hb-10K GD Geislameðferð	9.2.2011	1	0	0
Hb-10K GD Geislameðferð	10.2.2011	1	0	0
Hb-10K GD Geislameðferð	11.2.2011	1	0	0
Hb-10K GD Geislameðferð	14.2.2011	1	0	0
Hb-10K GD Geislameðferð	15.2.2011	1	0	0
Hb-10K GD Geislameðferð	16.2.2011	1	0	0
Hb-11D RD Hiatarannsóknastofa	16.2.2011	1	0	2.302
Hb-10K GD Geislameðferð	17.2.2011	1	0	0
Hb-10K GD Geislameðferð	18.2.2011	1	0	0
Hb-11C DD Krabbámens	23.2.2011	1	0	2.302
Hb-11C DD Krabbámens	16.3.2011	1	0	2.302
Hb-11C DD Krabbámens	16.4.2011	1	0	2.302
Hb-11C DD Krabbámens	27.4.2011	1	0	2.302
Hb-11C DD Krabbámens	16.5.2011	1	0	2.302
Hb-11C DD Krabbámens	18.5.2011	1	0	2.302
Hb-11C DD Krabbámens	8.6.2011	1	0	2.302
Hb-11C DD Krabbámens	29.6.2011	1	0	2.302
Hb-11C DD Krabbámens	20.7.2011	1	0	2.302
Hb-11C DD Krabbámens	10.8.2011	1	0	2.302
Sum		89	5.484	102.426

Samtals kostnaðarþáttaka sjúklings 1 167.006

Myndgreiningarrannsóknir (fyrir utan geisla sem koma fram undir „komur“)

Dagsetning	Tey Rannsóknar Lýsing	Rannsóknastofa Lýsing	Fjöldi rannsókn	alm. gjald	alm. afsláttur
30.4.2010	Ísöögur - spráttun	Orkóskóla	1	0	0
30.4.2010	Ísöögur - spráttun	Orkóskóla	1	13.908	0
6.5.2010	Lungu	Röntgenrannsóknir	1	0	0
6.5.2010	Brjóst með skuggavefni	Sevaldóttir	1	23.497	0
2.8.2010	Bygðistú	Röntgenrannsóknir	1	0	0
2.8.2010	Lendastú	Röntgenrannsóknir	1	0	0
2.8.2010	Mjálmgagn	Röntgenrannsóknir	1	0	2.181
9.8.2010	Örnuskiur	Örnuskiur	1	0	0
9.8.2010	Hjaraldur	Örnuskiur	1	0	4.962
9.7.2010	TÍ-bráðstífl málk	Tokusneibmyndir	1	0	3.262
11.1.2011	Planum / afhliðstu	Tokusneibmyndir	1	1 tengslum við geislameðferð	0
11.1.2011	Undirbúningur	Geislarrannsóknir	1	0	0
11.1.2011	Röntgenhermar	Geislarrannsóknir	1	0	0
12.1.2011	Lungu	Röntgenrannsóknir	1	3.309	0
14.1.2011	Röntgenhermar	Geislarrannsóknir	1	1 tengslum við geislameðferð	0
17.1.2011	Mjálmgagn	Geislarrannsóknir	1	0	0
18.2.2011	Hjaraldur	Örnuskiur	1	7.977	0
Sum			17	48.691	10.405

Annad dæmi er sjúklingur sem fer í brjóstnám og uppbyggingu ásamt lyfjameðferð

Legur

Dagsetning	Dagsetning	Heiti nefndar	Lífið lengd
20.1.2010	22.1.2010	BRJÓSTNÁM	1
11.5.2010	13.5.2010	Slagað hjálfari	1
15.11.2010	16.11.2010	SEFTNÁM	1

Komur á dag/göngueldir og heimatengd þjónusta (gulltuð)

Heiti komudeldar	Dagsetning innsk	Fjöldi koma	alm. gjald	alm. afsíðtur
Hb-11C GD Krabbameins	4.1.2010	1	9484	0
Hb-10E innskiptarmóðstöð	15.1.2010	1	0	0
Hb-10E RD Hjartarannsóknastofa	15.1.2010	1	0	2.302
Fv-RD DD Sjúkrahústengd heimaþjónusta	22.1.2010	1	0	0
Fv-RD DD Sjúkrahústengd heimaþjónusta	22.7.2010	1	0	0
Fv-RD DD Sjúkrahústengd heimaþjónusta	24.1.2010	1	0	0
Fv-RD DD Sjúkrahústengd heimaþjónusta	25.1.2010	1	0	0
Fv-RD DD Sjúkrahústengd heimaþjónusta	26.1.2010	1	0	0
Fv-RD DD Sjúkrahústengd heimaþjónusta	27.1.2010	1	0	0
Hb-10E GD Skuflækninga	28.1.2010	1	0	2.302
Hb-11C GD Krabbameins	4.2.2010	1	0	2.302
Fv-A3 GD Gíglaflækninga	11.2.2010	1	0	2.302
Hb-11C GD Krabbameins	11.2.2010	1	0	2.302
Hb-11C GD Krabbameins	19.2.2010	1	0	2.302
Hb-11C DD Krabbameins	26.2.2010	1	0	2.302
Hb-11C DD Krabbameins	4.3.2010	1	0	2.302
Hb-11C DD Krabbameins	25.3.2010	1	0	2.302
Hb-11C DD Krabbameins	8.4.2010	1	0	2.302
Hb-11C DD Krabbameins	29.4.2010	1	0	2.302
Fv-G3 BM Bráka	11.6.2010	1	í boðum í framhaldi	0
Hb-10E RD Hjartarannsóknastofa	19.6.2010	1	0	0
Hb-11C DD Krabbameins	19.6.2010	1	0	2.302
Hb-11C DD Krabbameins	20.6.2010	1	0	2.302
Hb-11C DD Krabbameins	27.6.2010	1	0	2.302
Hb-11C DD Krabbameins	28.6.2010	1	0	2.302
Hb-11C DD Krabbameins	3.6.2010	1	0	2.302
Hb-11C DD Krabbameins	10.6.2010	1	0	2.302
Hb-11C DD Krabbameins	16.6.2010	1	0	2.302
Hb-11C DD Krabbameins	24.6.2010	1	0	2.302
Hb-11C DD Krabbameins	1.7.2010	1	0	2.302
Hb-11C DD Krabbameins	8.7.2010	1	0	2.302
Hb-11C DD Krabbameins	15.7.2010	1	0	2.302
Hb-11C DD Krabbameins	22.7.2010	1	0	2.302
Hb-11C DD Krabbameins	6.8.2010	1	0	2.302
Hb-11C DD Krabbameins	12.8.2010	1	0	2.302
Hb-11C DD Krabbameins	16.8.2010	1	0	2.302
Hb-11C DD Krabbameins	23.8.2010	1	0	2.302
Hb-11C DD Krabbameins	30.8.2010	1	0	2.302
Fv-A3 GD Gíglaflækninga	2.9.2010	1	0	2.302
Hb-11C DD Krabbameins	9.9.2010	1	0	2.302
Hb-11C DD Krabbameins	27.9.2010	1	0	2.302
Hb-11C DD Krabbameins	18.10.2010	1	0	2.302
Hb-11C DD Krabbameins	8.11.2010	1	0	2.302
Fv-E1 RD Hjartarannsóknastofa	11.11.2010	1	0	2.302
Fv-G3 innskiptarmóðstöð	11.11.2010	1	0	2.302
Fv-G3 GD Hjúkrunar	18.11.2010	1	0	1.540
Fv-G3 GD Hjúkrunar	22.11.2010	1	0	1.540
Fv-G3 GD Lyálækninga	26.11.2010	1	0	2.302
Hb-11C DD Krabbameins	29.11.2010	1	0	2.302
Hb-11D RD Hjartarannsóknastofa	15.12.2010	1	0	2.302
Fv-G3 GD Lyálækninga	16.12.2010	1	0	2.302
Hb-11C DD Krabbameins	20.12.2010	1	0	2.302
Hb-11C DD Krabbameins	10.1.2011	1	9.484	0
Fv-G3 GD Lyálækninga	20.1.2011	1	9.484	0
Hb-11C DD Krabbameins	31.1.2011	1	9.484	0
Fv-G3 GD Lyálækninga	19.2.2011	1	9.484	0
Hb-11C DD Krabbameins	21.2.2011	1	9.484	0
Hb-11C DD Krabbameins	14.3.2011	1	0	2.302
Hb-11D RD Hjartarannsóknastofa	14.3.2011	1	0	0
Fv-G3 GD Lyálækninga	26.3.2011	1	0	2.302
Hb-11C DD Krabbameins	4.4.2011	1	0	2.302
Hb-11C DD Krabbameins	2.9.2011	1	0	2.302
Félagaráðgjafi	12.6.2011	1	0	1.540
Fv-G3 GD Lyálækninga	16.6.2011	1	0	2.302
Hb-11C GD Krabbameins	16.6.2011	1	0	2.302
Fv-G3 GD Lyálækninga	27.6.2011	1	0	2.302
Fv-G3 GD Lyálækninga	8.8.2011	1	0	2.302
Sum		71	32.904	110.956

Samtals kostnaðarþáttaka sjúklings 2 195.211

Öðmið 3 sjúklingur sem fer í brjóstnám einungu

Legur

Dagsetning	Dagsetning	Heiti nefndar	Lífið lengd
26.10.2010	28.10.2010	BRJÓSTNÁM	1

Komur á dag/göngueldir og heimatengd þjónusta (gulltuð)

Heiti komudeldar	Dagsetning innsk	Fjöldi koma	alm. gjald	alm. afsíðtur
Hb-10E GD Skuflækninga	12.10.2010	1	5.484	0
Hb-10E innskiptarmóðstöð	16.10.2010	1	0	0
Hb-10E RD Hjartarannsóknastofa	15.10.2010	1	0	2.302
Hb-21A BM Kvæna	25.10.2010	1	0	2.302
RfB SV Sjúkrahústengd heimaþjónusta	26.10.2010	1	0	0
RfB SV Sjúkrahústengd heimaþjónusta	26.10.2010	1	0	0
RfB SV Sjúkrahústengd heimaþjónusta	29.10.2010	1	0	0
RfB SV Sjúkrahústengd heimaþjónusta	31.10.2010	1	0	0
RfB SV Sjúkrahústengd heimaþjónusta	1.11.2010	1	0	0
RfB SV Sjúkrahústengd heimaþjónusta	2.11.2010	1	0	0
RfB SV Sjúkrahústengd heimaþjónusta	3.11.2010	1	0	0
Hb-10E GD Skuflækninga	4.11.2010	1	0	2.302
Hb-11C GD Krabbameins	12.11.2010	1	0	2.302
Hb-11C GD Krabbameins	15.12.2010	1	0	2.302
Hb-11C GD Krabbameins	14.3.2011	1	9.484	0
Sum		15	10.968	11.910

Samtals kostnaðarþáttaka sjúklings 3 49.205

Myndgreiningarrannsóknir (fyrir utan getla sem koma fram undir „komur“)

Dagsetning	Teg Rannsóknar helti	Rannsóknastofa Lýsing	Fjöldi rannsókn	alm. gjald	alm. afsíðtur
2.1.2010	Byst með skuggastöðu	Skuggastöðu	1	21.478	0
16.1.2010	Lungu	Röntgenrannsóknir	1	0	1.340
20.1.2010	Lambættar	Ísösparrannsóknir	1	0	6.574
11.5.2010	Lungu	Röntgenrannsóknir	1	0	1.340
16.5.2010	Hjartalshjúg	Röntgenrannsóknir	1	0	3.213
16.5.2010	Skuggastöðu	Röntgenrannsóknir	1	0	1.340
11.11.2010	Lungu	Röntgenrannsóknir	1	0	1.340
16.11.2010	Hjartalshjúg	Röntgenrannsóknir	1	0	3.213
16.3.2011	Hjartalshjúg	Röntgenrannsóknir	1	0	3.213
Sum			11	21.478	11.910

Myndgreiningarrannsóknir (fyrir utan getla sem koma fram undir „komur“)

Dagsetning	Teg Rannsóknar helti	Rannsóknastofa Lýsing	Fjöldi rannsókn	alm. gjald	alm. afsíðtur
14.10.2010	Lungu	Röntgenrannsóknir	1	3.309	0
14.10.2010	Byst með skuggastöðu	Skuggastöðu	1	21.478	0
14.12.2010	Bambólumálningar	Röntgenrannsóknir	1	0	1.340
Sum			3	24.787	1.340